

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjalddagar holræsagjaldsins eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist holræsagjaldið með fasteignaskatti.

4. gr.

Holræsagjald tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega er heimilt að lækka eða fella niður samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, nr. 48/1970, sbr. reglugerð nr. 43/1976.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. apríl 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Stykkishólms.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Stykkishólms er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,27 hundraðshlutar af fasteignamati, sbr. A-flokk.

Vatnsgjald er 0,44 hundraðshlutar af fasteignamati af öðru húsnæði.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 18 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla er kr. 11.804 á ári.

Gjalddagar leigugjalds eru þeir sömu og við innheimtu aukavatnsskattsins sjálfs, nú fjór-um sinnum á ári. Leigugjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

4. gr.

Stofngjald vatnsveitu kr. 36,78 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Gjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

5. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Þannig staðfest á fundi bæjarstjórnar Stykkishólms, 11. apríl 2001.

Stykkishólmi, 20. apríl 2001.

Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Reykjavegur 36.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 36 við Reykjaveg, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. október 2000.

Breytingarnar felast í því að húsið er stækkað úr 789 m² í 1480 m². Byggingin er stækkuð til vesturs, norður og austurs.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu í samræmi við ákvæði sömu laga.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 26. apríl 2001.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 1. mars 2001 samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Höfn 1 á Eskifirði.

Deiliskipulagið tekur til svæðis neðan Strandgötu og innan við smábátahöfn að áður samþykktu deiliskipulagi Leiru 1.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 26. apríl 2001.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.